

BORGARRÁÐ 18. apríl 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um heildarkostnað vegna stafrænnar umbreytingu Reykjavíkurborgar - MSS24040165

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir því að fá að vita hver er heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna verkefna í stafrænni umbreytingu á vegum þjónustu og nýsköpunarsviðs frá stofnun sviðsins árið 2019.

Greinargerð:

Á borgarstjórnarfundum þann 9. apríl síðastliðin, hélt borgarfulltrúi Kristinn Jón því fram að þessar upplýsingar lægju nú þegar fyrir og lítið mál væri að afla þeirra ef spurt yrði eftir því. Nú biður Flokkur fólksins um þær í skriflegu svari.